# Nýútkomin lög.

Lög um bygging, ábúð og úttekt jarða, staðfest af konungi 12. janúar 1884, sbr. A. 1. bls. 2—17.

Lög um breyting á nokkrum brauðum í Eyjafjarðar- og Vesturskaptafells prófastsdæmum, staðfest af konungi 12. janúar 1884, sbr. A. 2. bls. 18—19.

Lög um horfelli á skepnum, staðfest af konungi 12. janúar 1884, sbr. A. 3. bls. 20—21.

1

**Brjef landshöfðingja** *til póstmeistarans í Reykjavík* **um laun póstafgreiðslumanna**. — Með tilliti til þeirrar breytingar, er samkvæmt tilætlun hins síðasta alþingis nú hefur verið gjörð á ferðum landpóstanna, hef jeg samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 8. þ. m., fyrst um sinn ákveðið árslaun póstafgreiðslumannanna þannig frá byrjun þessa árs. 11. jan.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | póstafgreiðslumannins | í Hraungerði | kr. | 66,00 |
| 2. | —— | á Breiðabólsstað | — | 132,00 |
| 3. | —— | á Vestmannaeyjum | — | 50,00 |
| 4. | —— | á Prestsbakka | — | 144,00 |
| 5. | —— | á Bjarnanesi | — | 72,00 |
| 6. | —— | á Djúpavog | — | 60,00 |
| 7. | —— | á Höfða | — | 144,00 |
| 8. | —— | á Eskifirði | — | 180,00 |
| 9. | —— | á Seyðisfirði | — | 312,00 |
| 10. | —— | á Grenjaðarstað | — | 126,00 |
| 11. | —— | á Akureyri | — | 432,00 |
| 12. | —— | í Skagafirði | — | 126,00 |
| 13. | —— | á Sveinsstöðum | — | 132,00 |
| 14. | —— | í Strandasýslu | — | 144,00 |
| 15. | —— | í Mýrasýslu | — | 144,00 |
| 16. | —— | í Dalasýslu | — | 144,00 |
| 17. | —— | á Rauðkollsstöðum | — | 60,00 |
| 18. | —— | í Stykkishólmi | — | 180,00 |
| 19. | —— | í Bæ | — | 126,00 |
| 20. | —— | á Ísafirði | — | 312,00 |

Þetta læt jeg ekki hjálíða hjermeð þjónustusamlega að kunngjöra yður, yður til nauðsynlegrar athugunar og til birtingar fyrir hlutaðeigendum.